

REIKNINGUR

sjóðsins Gerðuminning, árið 1976.

Tekjur :

1. Eign sjóðsins 1. janúar 1976	kr. 224 780.00
2. Vextir af bankainnstæðum í	
a) Landsbankanum	kr. 10 335.00
b) Útvegsbankanum	— 59.00
	<hr/>
	— 10 394.00
	<hr/>
Samtals	Kr. 235 174.00

Gjöld :

1. Landsb. viðskiptabók 5740	kr. 73 664.00
Útvegsb., bankabók 1008	— 510.00
	<hr/>
	kr. 74 174.00
2. Verðtryggð spariskírteini ríkissjóðs 1974, skv. kaupnótu	— 150 000.00
3. Happprættislán ríkissjóðs 1973-C	— 1 000.00
4. Styrkur veittur 18. febr. 1976	— 10 000.00
	<hr/>
Samtals	Kr. 235 174.00

Reykjavík, 21. febrúar 1977.

Guðrún Markúsdóttir.

Við undirritaðar höfum lesið ársreikning sjóðsins Gerðuminning ásamt fylgiskjölum og ekki fundið neitt athugasvert við færslur 1976.

Reykjavík, 25. febrúar 1977.

Vigdís Jónsdóttir. Ólöf Sigurjónsdóttir.

Nr. 233.

1. júní 1977.

AUGLÝSING

um gjaldskrá fyrir sundstaðina í Reykjavík.

Einstakir miðar, fullorðnir	kr. 150.00
Einstakir miðar, börn	— 50.00
10 miða kort, fullorðnir	— 900.00
10 miða kort, börn	— 300.00
Gufuböð	— 300.00
Leiga á handklæðum og skýlum	— 100.00
Sundnámskeið, fullorðnir 20 st	— 3 500.00
Sundnámskeið, börn 20 st.	— 2 200.00
Íþróttafélög: 16 ára og eldri 10 miðar	— 350.00
Íþróttafélög: yngri en 16 ára 10 miðar	— 200.00

Börn innan 5 ára í fylgd fullorðinna ókeypis.

Aldraðir fá alla þjónustu á ½ verði.

Öryrkjar skv. ráði trúnaðarlækna ókeypis.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af borgarstjórn Reykjavíkur, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 32 7. maí 1928 til þess að öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt er felld úr gildi gjaldskrá nr. 423 30. nóv. 1976.

Félagsmálaráðuneytið, 1. júní 1977.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

REGLUGERÐ

um takmörkun á togveiðum fyrir Suðvesturlandi.

1. gr.

Á tímabilinu 20. júní til 25. júlí eru allar togveiðar bannaðar fyrir Suðvesturlandi á svæði norðan línu sem dregin er frá Stafnesvita í punkt 63°55'0 N og 23°15'0 V og austan línu sem dregin er úr punkti 63°55'0 N og 23°15'0 V í 360° réttvísandi.

2. gr.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála, og varða brot viðurlögum samkvæmt 17. gr. laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 7. gr. laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 6. júní 1977.

Matthías Bjarnason.

Jón B. Jónasson.

AUGLÝSING

um bifreiðastöður í Hafnarfirði.

Að fengnum tillögum bæjarstjórnar Hafnarfjarðar og samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 er hér með ákveðið, að bifreiðastöður skuli vera bannaðar á Reykjavíkurvegi neðan Skúlaskeiðs frá og með 20. maí 1977.

Þetta tilkynnist hér með öllum, sem hlut eiga að máli.

Bæjarfógetinn í Hafnarfirði, 9. maí 1977.

Einar Ingimundarson.